

## FUNDARGERÐ

235. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 24. nóvember 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Björn Ólafsson, Mörður Áslaugarson og Guðlaugur G. Sverrisson. Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Jón Ólafsson, Mörður Árnason, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Jón Jónsson, í fjarveru Brynjólfs Stefánssonar, sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1) Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var borinn upp og samþykkt.

### 2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í október. Tap var á rekstri RÚV í mánuðinum sem nam 52 m.kr. en afkoman var 20 m.kr. betri en áætlað var, vegna aukningar í auglýsingasölu. Afkoman á fyrstu 10 mánuðum ársins var jákvæð sem nemur 108 m.kr. Auglýsingatekjur hafa aukist umfram áætlun en kostnaður einnig. Eins og áður sé gert ráð fyrir að afkoma ársins verði um jákvæð og hagnaður verði um 20 m.kr.

Þá voru kynnt drög að rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2022. Forsendur rekstrarætlunarinnar voru kynntar. Mesta óvissan tengist tekjum en ekki liggur fyrir á þessari stundu hverjar þjónustutekjur verða fyrir rekstrarárið 2022. Sýndur var samanburður þjónustutekna frá árinu 2019, en á tímabilinu 2019 en á árinu 2021 voru þjónustutekjur nánast þær sömu og tveim árum áður og því um mikla raunlækkun að ræða. Vonir standa til að þær hækki því á árinu 2022 eins og þarf til að halda í við þróun launa og verðlags. Ekki sé gert ráð fyrir að umsvif RÚV aukist að marki, að undanskildum sýningum frá fjölmörgum alþjóðlegum íþróttaviðburðum. Ljóst sé að niðurstaða verði að komast í hverjar þjónustutekjur verða en þá muni koma betur í ljós hvort tekjur RÚV standi undir kostnaði við dagskrána. Drög að fjárfestingaráætlun voru einnig lögð fram, en þar er lögð áhersla á innviði, öryggismál og endurnýjun á húsnæði. Endanleg rekstrar- og fjárfestingaráætlun verði lögð fram á fundi stjórnar í desember nk.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu og framvindu vinnu við stefnumótun. Þá var nýverið haldinn reglubundinn fundur með fulltrúum RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytis í Efstaleitinu og fengu þau tús um húsið og innsýn inn í starfsemina.

Jafnréttisnefnd RÚV var sett á laggirnar og mun hafa það hlutverk að innleiða og hafa eftirfylgni með jafnréttisáætlun RÚV. Jafnframt hefur verið sett á laggirnar nefnd um mótum loftslags- og umhverfisstefnu RÚV. Í lokin nefndi útvarpsstjóri að Rakel Þorbergsdóttir fréttastjóri muni láta af störfum um næstu áramót og verður staða fréttastjóra auglýst í byrjun næsta árs.

### 4) Kynning dagskrárdeildar sjónvarps

Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri sjónvarps, Hilmar Björnsson íþróttastjóri og Agnes Wilde teymisstjóri barna- og ungmennapjónustu RÚV kynntu dagskrá sjónvarps fyrir árið 2022.

### 5) Önnur mál

Ákveðið var að halda desemberfundinn 15. desember nk. á hefðbundnum fundartíma. Fundi slitið.

Jóhanna H.  
Marta Guðrún

Stjóri Brynjólfur Stefánsson  
Björn Ólafsson  
Guðlaugur G. Sverrisson

Ses Margrét Tryggvason  
Marta Guðrún  
Jóhanna H.